

10. stjórnarfundur stjórnar UMSB haldinn á Oddsstöðum 23. jan 2019.

Mættir: Anna Dís, Sigríður, María Júlía, Guðrún, Kristín og framkvæmdastj. Sigurður.

1. María setur fundinn

2. Fundargerð síðasta fundar hefur ekki verið send og því var ákveðið að fresta samþykkt þeirrar fundargerðar.

3. Íþróttamaður Borgarfjarðar - Margir mættir í Hjálmaklett, taka þarf umræðu á formannafundi um hvort festa eigi staðsetningu og tíma fyrir þennan viðburð. Þeim sem sáu um veitingarnar þótti rýr eftirtekjan enda verðlagningin á misskilningi byggð. Þessi viðburður er ekki inni í þeim verðskrá sem gilda fyrir formannafundi og sambandsþing. Núverandi verðskrá er að fyrir formannafund er greitt 50. þús og Sambandsþing 100 þús. til þess félags sem sér um viðkomandi fund. UMSB sér um þann viðburð sem afhending viðurkenninga Íþróttamanns Borgarfjarðar er í samvinnu við BB og kostar húsnæði og fær einhverja til að sjá um veitingar gegn sérstakri greiðslu. Það er líka álitamál hvort við viljum styrkja Bakarið eða einhver íþróttafélög sem vilja taka þetta að sér.

Áhyggjuefni hversu fá félög kusu íþróttamann ársins.

Hugmynd er um hvort eigi að breyta þeim reglum um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar sem uppi eru í þá veru að aðeins séu kallaðir inn þeir tíu sem efstir standa í kjörinu.

Kannske þarf að ræða þetta á formannafundi eða Sambandsþingi.

Eins vantar nánari kynningu á íþróttafólkinu sem viðurkenningar hlaut.

4. Samningur KPMG og UMSB.

KPMG vill leggja 1 millj. í bókhald sambandsaðila gegn auglýsingum sem væru alltaf uppi og á öllu því sem UMSB kemur að.

Móta þarf reglur um hvernig þessum fjarmunum verður skipt milli aðildarfélaganna.

Líkur eru til að UMFÍ taki að sér að sjá um bókhaldið fyrir UMSB.

5. Sambandsþing UMSB. Það þarf að fara fram eigi síðar en 15. mars

Hugmynd að hafa það 13. mars en það mæltist ekki vel fyrir að vera á síðustu stundu og því var samþykkt að stefna á 7. mars og biðja Umf. Dagrenningu að sjá um þingið sem yrði þá í Brautartungu.

Áhyggjuefni hversu ársskýrslur félaganna skila sér illa til UMSB og þ.a.l. í ársskýrslu sambandsins. Hvernig getum við hjálpað félögunum með þetta?

Hvaða hugmyndir höfum við um starfsmerki til duglegra sjálfboðaliða.

Við þurfum að leggja fram tillögu á sambandsþingi um hverjir verða í nefnd vegna kjörs íþróttamanns Borgarfjarðar.

Nefndir: Íris Grönfelt, Bjarni Traustason og Gunnlaugur Júlíusson.

6. Sýnum karakter - Stefnan að fá þjálfara á formannafund í vor.

7. Tökum við inn nýtt félag ? Kempo ?

Sigurður hefur mikið verið að aðstoða þjálfara Kempo við húsnæðisleit og allskonar en finnst vera komið gott og þau eigi að stofna félag eða deild og sjá um sig sjálf að mestu enda þetta orðið vinsæl íþrótt að stunda.

Samþykkt að beina þeim í þann farveg að stofna deild og reyna fyrir sér hjá Skallagrími sem deild þar.

8. Reikningur frá FRÍ.

UMSB hefur fengið reikning frá FRÍ fyrir iðkendur frjálsra íþrótta, þar eru taldir til 7 frá Umf. 'Islandingi, 10 frá Umf Reykdæla, 33 frá Umf Stafholtstungna og 26 frá Frjálsíþróttafélaginu. Talið er líklegt að um sama fólkið sé að ræða milli þessara félaga og því spurning hvort ekki þurfi að fara í Felix og skoða hverjir eru á bak við þessar tölur. Líklega verður UMSB að borga en rukka síðan félagin um sinn hlut.

9. Afrekssjóður stéttarfélags Vesturlands ekki kominn í sérstakan farveg því Skallagrímur hefur ekki svarað enn, en við viljum gjarnan fá þessa fjármuni í afreksmannasjóð okkar, og að þessi sjóður sé meira á vegum UMSB og þá þarf skýran ramma. Sportabler er voða sniðugt til að minna fólk á allskonar sem hefur klikkað í skipulagi vikunnar.

10. Fjárhagsáætlun - fórum yfir fyrstu drög að ársreikningi.

11. Önnur mál.

KG. spyr út frá fyrri fundargerðum. - Sigurður að mestu til svara.

*Hvað er að fréttu af ritnefnd ?- **ekkert.**

*Hvað með Nóranámskeið ? - **Mjög erfitt að fá þá fræðslu til okkar.**

*Hvað er að fréttu af 50 + nefnd ? **Þessa nefnd vantar sem og landsmótsnefnd.**

*Hvað er að fréttu af skápum fyrir verðlaunagripum UmsB í Íþróttahúsum BB.?

Þeir eru á leiðinni.

*Hvernig gengur með tjaldsvæðið og samvinnu við Skátana og Skógræktarfélagið og BB um að gróðursetja og gera snyrtilegt á Kárastaðatúnunum ?.

Það er í farvegi og vilji til að hefjast handa aftur með þá hugmynd.

*Sigurður er búinn að taka að sér að kenna félagsmál fyrir UMFÍ næsta árið og það var samþykkt af hálfu stjórnar.

*Fyrir 50 + væri mjög gaman að setja upp púttvöll undir hömrnunum við upphitunarvöllinn sem er við íþróttavöllinn í Borgarnesi..

*Ákveðið að reyna líka að halda áfram með strandblaksvallarhugmyndina sem var rotuð fyrir síðasta Ulm í Borgarnesi.

*Sótt hefur verið um Ulm 2020 eða 2021

*Sigurður segir okkur frá því að nýja gerfigrasið á sparkvellingum í Borgarnesi sé bæði hált og hart. Það þarf að finna út hvort þetta er galli eða hvað er að með umboðsmanni grassins.

*Sigurður hefur líka áhuga á að nýrri heimasíðu verði komið á koppinn sú sem er núna notuð sé erfið. Svosem engin niðurstaða í því máli.

Fleira ekki tekið fyrir sem skráð hefur verið.

Fundargerðina ritar Kristín Gunnarsd.